

Miðvikudaginn 16. janúar 1991.

Nr. 261/1990. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

Jóni Val Guðmundssyni

(Haraldur Blöndal hrl.).

Skjalafals. Skilorð. Áfrýjun. Dómarar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Guðmundur Jónsson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 10. október 1989 af hálfu ákærvaldsins til endurskoðunar á refsíákvörðun og til refsilækkunar. Af þess hálfu er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms, að því er varðar sakfellingu og greiðslu bóta.

Af hálfu ákærða er krafist vægustu refsingar, er lög leyfa, og að hún verði skilorðsbundin.

Ákærði játaði brot sitt af hreinskilni fyrir rannsóknarlögreglu og héraðsdómi. Í héraðsdómi er brotum hans skilmerkilega lýst. Ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um sakfellingu ákærða og heimfærslu til hegningarlagaákvæðis. Ákærði var nýorðinn 21 árs, þegar brot hans voru framin, og hafði ekki áður hlotið refsingu. Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt sakavottorð ákærða frá 17. desember sl. Þar kemur fram, að hann hefur síðan gengist undir eftirfarandi sáttir fyrir umferðarlagabrot: 10.000 króna sekt 28. mars 1989, 16.000 króna sekt og ökuleyfisvippingu í tvo mánuði 19. júní 1989 og loks 40.000 króna sekt og ökuleyfisvippingu í tvö ár 3. maí 1990. Brot þau, sem hér er ákært fyrir, eru mörg og öll sams konar. Þau eru framin á skömmum tíma, og hvert fyrir sig varða þau lágar fjárhæðir.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af ofangreindum málavöxtum og samkvæmt 70. og 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin sex mánaða fangelsi, en rétt er að fresta fullnustu fjögurra mánaða af dæmdri refsingu, og falli sá hluti niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um bótagreiðslur er staðfest.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Allur áfrýjunarkostnaður málsins skal greiðast úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun ákærða.

Héraðsdómari birti ákærða áfrýjunarstefnu 23. febrúar 1990 og gaf honum 15 daga frest til að taka afstöðu til þess, hvern hann vildi fá skipaðan verjanda fyrir Hæstarétti. Héraðsdómari endursendi síðan ríkissaksóknara dómsgerðir málsins og stefnuna áritaða um birtingu 20. júní s.á. Þessi dráttur á að endursenda málið hefur ekki verið réttlættur.

Jafnframt því að endursenda ríkissaksóknara dómsgerðir málsins ritaði héraðsdómari honum bréf, sem hann óskaði eftir, að komið yrði á framfæri við Hæstarétt. Í bréfinu gagnrýnir dómari áfrýjun málsins. Með henni var ríkissaksóknari að sinna embættis-skyldum sínum skv. 2. tl. 175. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Bréf þetta var því óþarft og orðalag þess um sumt óviðurkvæmlegt.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jón Valur Guðmundsson, sæti 6 mánaða fangelsi, en fresta skal fullnustu 4 mánaða af refsingunni og sá hluti falla niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa, haldi hann almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslur bóta er staðfest.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skal vera óraskað.

Allur áfrýjunarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Haralds Blöndals hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Garðakaupstaðar 31. maí 1989.

Árið 1989, miðvikudaginn 31. maí, er á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar og Garða, sem háð er að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 236/1989: Ákæruvaldið gegn Jóni Val Guðmundssyni.

Mál þetta, sem dómtekið er í dag, er með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 11. janúar 1989, höfðað gegn Jóni Val Guðmundsyni, Faxatúni 17, Garðabæ, fyrir skjalafals með því að hafa á tímabilinu frá 22. desember 1987 til 16. janúar 1988 falsað nafn Sveinbjörns Jóhannessonar á eftirtalda 101 sölunótu og hagnýtt sér nóturnar í viðskiptum jafnframt því að framvísa Visa Ísland-greiðslukorti Sveinbjörns Jóhannessonar, Aðallandi 2, Reykjavík, nr. 4548 9000 0022 3687, en greiðslukortið fann ákærði þann 19. desember 1987 á gangstéttinni fyrir framan Hótel Borg í Reykjavík:

— — —

Framanlýst háttsemi ákærða telst varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 9. desember 1966 í Reykjavík, og hefur ekki sætt refsingu, svo að kunnugt sé.

Samkvæmt framburði ákærða, skýrslum lögreglu og öðrum rannsóknargögnum eru málavextir þessir:

Aðfaranótt laugardagsins 19. desember 1987 kl. 3.00 - 4.00 hafði ákærði fundið visa-greiðslukort á gangstéttinni fyrir framan Hótel Borg í Reykjavík. Greiðslukortið var við Landsbanka Íslands og á nafn Sveinbjörns Jóhannessonar, nnr. 3709-1767, og er ekki upplýst, hvernig hann hafði glatað kortinu. Ákærði hafði svo á tímabilinu frá 22. desember 1987 til 16. janúar 1988 notað kortið til að fá út ýmsa vöru og þjónustu í viðskiptum án þess að reiða fram fé fyrir hana. Greiðslukortið bar með sér, hver væri eigandi þess, og falsaði ákærði sölunótur vegna úttektanna með því að skrifa undir þær í nafni Sveinbjörns Jóhannessonar og líkti þá sem mest eftir rithandarsýnishorninu á kortinu, en þó að það hafi tekist misvel, var aldrei gerð athugasemd af hálfu þeirra, sem hann skipti við, og kvaðst hann aldrei hafa verið krafinn um önnur skilríki í sambandi við viðskiptin, heldur framvísaði hann einungis greiðslukortinu. Alls falsaði ákærði með þessum hætti 101 sölunótu og fékk vöru og þjónustu fyrir sömu upphæðir og nóturnar hljóðuðu upp á, en afrit og ljósrit þeirra hafa verið lögð fram í málinu, og kannast ákærði við að hafa skrifað undir þær allar og að þeim sé rétt lýst í ákæru og hvernig hann hagnýtti sér þær. Samtals voru nóturnar að fjárhæð kr. 222.841,60.

Með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins er sannað, að hann notaði framangreindar sölunótur í viðskiptum, eftir að hafa falsað á þær nafnritunina Sveinbjörn Jóhannesson, og hefur hann með þessum verknaði gerst sekur um brot á 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Ákærði hefur ekki greitt framkomnar kröfur vegna þessara brota sinna,

og gaf dómarinn honum 21. mars sl. frest til að greiða eða semja um greiðslu þeirra fyrir 20. apríl sl., en fyrir liggur, að Visagreiðslumiðlun h/f var tilbúin að leyfa honum að greiða skuldina á einhverjum tíma, ef hann kæmi með skuldabréf með ábyrgðarmönnum, sem fyrirtækið tæki gilda. Ákærði hefur ekki lagt fram nein gögn í réttinum um að hafa samið eða reynt að semja um skuldina, en hann kvaðst ekki m/v tekjumöguleika sína hafa getu til að greiða skuldina nema á löngum tíma.

Refsing ákærða þykir samkvæmt framangreindu ákvæði almennra hegningarlaga og með hliðsjón af 77. gr. sömu laga hæfilega ákveðin fangelsi í 22 mánuði.

Vísá-Ísland, Greiðslumiðlun h/f, Höfðabakka 9, Reykjavík, hefur gert kröfu um, að ákærði greiði því kr. 207.351,60 ásamt dráttarvöxtum frá 22. des. 1987, eins og þeir eru á hverjum mánuði til greiðsludags.

Karnabær, Nýbýlavegi 4, Kópavogi, hefur gert kröfur um kr. 13.590 í bætur vegna viðskiptanna, sem greind eru í 1. og 2. tölulið ákæru.

Ákærði hefur samþykkt kröfur þessa, og þykir mega taka þær til greina, en allt bendir til þess, að Vísá-Ísland, Greiðslumiðlun h/f, hafi orðið fyrir því tjóni, sem það heldur fram í kröfugerð sinni, og skulu dráttarvextirnir, sem þar er gerð krafa um, ákveðast samkv. 15., sbr. 10. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jón Valur Guðmundsson, sæti fangelsi í 22 mánuði.

Ákærði greiði Vísá-Ísland, Greiðslumiðlun h/f, Höfðabakka 9, Reykjavík, kr. 207.351,60 ásamt dráttarvöxtum samkv. 15. gr., sbr. 10. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987, frá 22. des. 1987 til greiðsludags og Karnabæ, Nýbýlavegi 4, Kópavogi, kr. 13.590.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.